

Samherji fiskeldi ehf.

Glerárgötu 30

600 Akureyri

Reykjavík, 15. nóvember 2019

UST201901-275/H.S.J.

08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit, 02.09. 2019, hjá Samherja fiskeldi ehf, Núpum III**


Þann 2. september sl. fór fram eftirlit í Samherja fiskeldi ehf, Núpum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Engin ábending var gerð í eftirlitinu en fjögur frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Heimild starfsleyfis er til 100 tonna laxaseiða og 50 tonna bleikjuseiða á ári. Ársframleiðsla 2018 var 149 tonn, að mestu bleikja.
2. Gr. 2.8 og 3.3 í starfsleyfi. Ekki hefur verið vaktað í samræmi við ákvæði gr. 2.8 og 3.3. Sýni sem átti að taka 2018 voru ekki tekin. Sýni voru tekin í október 2019, en ekki að fullu í samræmi við ákvæði starfsleyfis.
3. Gr. 3.3. og 3.4 í starfsleyfi. Upplýsingar vegna vöktunaráætlunar og niðurstöður hafa ekki komið fram í grænu bókhaldi rekstraraðila. Ekki hefur verið vaktað í samræmi við samþykkta vöktunaráætlun.
4. Gr. 3.1 og 3.7 í starfsleyfi. Skv. gr. 3.1 skulu m.a. veðurfarsþættir skráðir. Skv. gr. 3.7 skal í ársyfirliti koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. gr. 2.7, 2.8, 3.1, 3.3 og 3.4. Veðurfarsþættir sbr. gr. 3.1 voru ekki til staðar í ársyfirliti, niðurstöður vöktunar skv. gr. 2.8, 3.3 og 3.4 voru ekki í ársyfirliti.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 9. desember, 2019.

Virðingarfyllst



Hulda Soffía Jónasdóttir  
sérfræðingur

  
Halla Einarsdóttir  
teymisstjóri

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Suðurlands

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

**Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti**

Nafn rekstraraðila: Samherji fiskeldi ehf.	Dags. eftirlits: 02.09.19	Staðsetning stöðvar: Núpum Ölfusi	Brottfallinn starfsleyfisflokkur: 3
Kennitala rekstraraðila: 610406-1060	Gildistími starfsleyfis: 01.12.19	Kvittun afhend: Já	Gerð stöðvar: Landeldi, laxa- og bleikjuseiði.

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?		X		149 tonn með afföllum skv. ársskýrslu. Fyrst og fremst er alin bleikja í stöðinni. Leyfi tekur til eldis 100 tonna laxaseiða og 50 tonna bleikjuseiða á ári. Skv. samþykktri úrbótaáætlun (sem barst stofnuninni 15. nóvember 2018 ) v. fráviks er varðar umfang 2017 var ekki áætlað að magn laxaeða bleikjuseiða færi yfir mörk starfsleyfis á næstu 2 árum. Ekki hefur því verið starfað í samræmi við samþykkta úrbótaáætlun.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Enn er verið að ganga frá húsi eftir bruna í fyrra. Framkvæmdir hafnar við stækkun. FishTalk hefur verið tekið í notkun.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi.	X			Skráningar að mestu góðar.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?		X		Framleiðsluskýrslu, GB og mæliniðurstöðum var skilað 26.4.19. Ársyfirlit skal taka til skráninga og mælinga sbr. gr. .7, 2.8, 3.1 ,3.3 og 3.4. Ekki hafði verið vaktað að fullu skv. gr. 2.8 og gr. 3.3 og ársskýrsla því ekki fullnægjandi. Veðurfarsskráningu sem skal fylgja skv. 3.1 vantaði.
Grænu bókhaldi og útstremnisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?		X		GB skilað 26.04.19 Ekki var gert grein fyrir mælingum á svifögnum, sýrustigi eða hitastigi í

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

				grænu bókhaldi líkt og kveðið er á um í gr. 3.3.	
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlunar aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Var aðgengileg á staðnum í rekstrarhandbók. Þarfnaðist uppfærslu í samræmi við leiðbeiningar eftirlitsaðila. Uppfært áhættumat og viðbragðsáætlun barst 9. okt sl.	
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?	X			Var haldinn 2017.	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?			X		
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Neyðaráætlun og viðbragðsáætlun v. rekstrarstöðvunar var til staðar í rekstrarhandbók. Uppfærð áætlun barst 9. okt sl. og enn uppfærð barst 21. okt sl.	

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Samherji starfar umhverfismarkmiðum og eftir kröfum Whole Foods.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Sjálfvirk fóðurkerfi. Einhver klukkufóðrun en virkt fóðureftirlit.
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt?  Mælingar eða útreikningar?  Síðustu mælingar?	X			<p>Sýni var tekið 9. apríl 2018 í frárennsli. Niðurstöður bárust með Grænu bókhaldi í apríl 2019. Ekki var tekið viðmiðunarsýni á inntaksvatni.</p> <p>Skv. útreikningum rekstraraðila frá mælingu er árslosun köfnunarefnis 38,6 kg N / framleitt tonn og fosfórs 2,1 kg P / framleitt tonn.</p> <p>Eftirlitsaðili óskar eftir því að mat á losun frá eldinu verði einnig gert út frá fóðurnotkun.</p>

## Eftirlit með fiskeldisstöð

### Landeldi

Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olífa eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslí? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslí?	X			Ástand frárennslis var gott, engin lykt nema af sludge tanki. Engir aðskotahlutir, hitauppgufun eða fiskur sjáanlegt í frárennslí.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslí, síum, settjörn, tromlur, oph.  Leið frárennslis frá keri að viðtaka.	X			Frárennslí sameinast úr húsum í damm og fer þaðan í tromlusíu og út í læk/skurð sem rennur út í Sandá/Varmá/Þorleifslæk.  Sludge úr tromlusíu, fastefni fer í tank og vatni er dælt aftur í síuma. Settankur er tæmdur 1-2x á ári.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Frárennslí fer í ferskvatn, rennur í skurð og Sandá sem sameinast Varmá í Þorleifslæk. Þorleifslækur rennur í Ölfusá um 6 km frá sjó.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.		X		Skv. gr. 3.3 í starfsleyfi skulu svifagnir, hitastig og og sýrustig mælt árlega, fyrir og eftir hreinsibúnað og í viðtaka fyrir ofan og neðan útrás sbr. gr. 2.8.  Af ofantöldu voru einungis svifagnir mældar í frárennslí eftir hreinsun í apríl 2018.  Sýrustig og hitastig var mælt í október 2019 í frárennslí eftir hreinsibúnað og í viðtaka fyrir ofan og neðan útrás en ekki fyrir hreinsibúnað.  Svífagnir voru mældar í október 2019, í inntaksvatni, fyrir og eftir hreinsun og í viðtaka. Hæsta gildi var í inntaksvatni, 4 mg/L í frárennslisvatni fyrir og eftir hreinsun 2 mg/L og í viðtaka 3 mg/L fyrir ofan útrás og 2 mg/L fyrir neðan.  Auk ofantalins skal þriðja hvert ár, skv. gr. 2.8, gr. 3.3 og vöktunaráætlun rekstraraðila, mæla COD fyrir og eftir hreinsibúnað og fyrir ofan og neðan útrás og ammoníak og súrefnismettun í viðtaka fyrir ofan og neðan útrás.

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

				Mæla átti COD, ammoníak og súrefnismettun 2018 á sama tíma og fosfór og köfnunarefni en var ekki gert. Rekstraraðili mældi súrefnismettun sjálfur í frárennsli eftir hreinsun og fyrir ofan og neðan útrás í viðtaka í október 2019. COD var mælt í frárennsli, 7 mg/L. Ekki kemur fram hvort það var fyrir eða eftir hreinsibúnað. Ammoníak sýni var tekið á sama tíma en var ekki marktækt vegna sýnatökuaðferðar. Sýni mæld af dýralækni vor 2019 sýndu ammoníaksgildi innan marka.	
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Afföll fara í meltutank. Stífluþjónustan sér um tæmingu og hefur verið farið með meltuna í urðun í Álfnesi. Skinnfiskur tekur á móti afföllum ef þau verða mikil í einu í samræmi við neyðaráætlun.	
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?		X		Vöktun er ekki í samræmi við starfsleyfi né vöktunaráætlun. Sjá hér að ofan.	
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.		X		Skv. gr. 3.3. skal virkni hreinsibúnaðar mæld með því að mæla styrk fosfórs, köfnunarefnis, COD og svifagna fyrir og eftir hreinsun. COD og svifagnir, sjá hér að ofan.  Mælingar á fosfór og köfnunarefni 2018 voru einungis einn punktur eftir hreinsun. Sýni voru tekin í október 2019 og fosfór og köfnunarefni mælt fyrir og eftir hreinsun. Köfnunarefni var undir greiningarmörkum í báðum sýnum, en fosfór var 0,3 mg/L fyrir hreinsun og 0,2 mg/L eftir hreinsun.	
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.		X		Sjá hér að ofan.	
Næstu áætuðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi?	X			Sýni sem átti að taka 2018 voru ekki tekn á réttum tíma en hafa verið tekin.	

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

Hver sér um mælingarnar?				Skv. upprunalegri sýnatökuáætlun skal gera árlega sýnatöku 2019 og 2020 og niðurstöður stærri sýnatöku berast næst fyrir 1. mars 2021. Nýtt leyfi er hinsvegar í vinnslu hjá stofnuninni og sýnatökuáætlun getur breyst vegna þess.	
--------------------------	--	--	--	---	--

**Niðurstöður síðasta eftirlits:**

Eitt frávik kom fram við eftirlit 2018 er varðaði að framleiðsla á bleikjuseiðum fór yfir mörk gr. 1.2 í starfsleyfi. Ein ábending var gerð varðandi frágang við meltutank.

<b>Samantekt:</b>	Ekki hefur verið staðið við úrbótaáætlun vegna fráviks seinasta árs þar sem enn er alið meira af bleikju í stöðinni en leyfilegt er skv. gr. 1.2 í starfsleyfi.  Enn er verið að ganga frá húsi eftir bruna í fyrra. Framkvæmdir eru hafnar við stækjun.  Brugðist hefur verið við athugasemdum eftirlitsaðila vegna uppfærslu áætlana. Ársyfirlit var ekki fullnægjandi og mælingar ekki í samræmi við ákvæði starfsleyfis og vöktunaráætlun.  Mælingar sem áttu að eiga sér stað 2018 voru mikið til ekki gerðar, en mælt var í október 2019.
<b>Annað:</b>	Bæklingur um mælanleg umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.  Gildandi starfsleyfi rennur út 1. desember nk. Rekstraraðili hefur óskað eftir framlengingu þess í samræmi við heimild 4. mgr. 6. gr. laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem fyrir liggur fullnægjandi umsókn um nýtt starfsleyfi.

*Undirskrift eftirlitsmanns:*

*Hulda S. Þórasdóttir*

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Samherji fiskeldi ehf., Núpum III Núpum III í Ölfusi.

UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	2.9.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffia Jónasdóttir
Fyrirtæki	Samherji fiskeldi ehf., Núpum III	Eftirlitsmaður	
Heimili	Núpum III, Ölfusi	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	610406-1060	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Dagur Darrason	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Heiððís Smáradóttir	Staðsetning	390484,225 387985,195

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjölgur frávik komu fram við eftirlitið er varða umfang, skráningar og vöktun. Engar ábendingar voru.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

### Frávik frá

### Lýsing á fráviki

Gr. 1.2 í starfsleyfi

Heimild starfsleyfis er til 100 tonna laxaseiða og 50 tonna bleikjuseiða á ári. Ársframleiðsla 2018 var 149 tonn, að mestu bleikja.

Gr. 2.8 og 3.3 í starfsleyfi

Ekki hefur verið vaktað í samræmi við ákvæði gr. 2.8 og 3.3. Sýni sem átti að taka 2018 voru ekki tekin. Sýni voru tekin í október 2019, en ekki að fullu í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

Gr. 3.3. og 3.4 í starfsleyfi

Upplýsingar vegna vöktunaráætlunar og niðurstöður hafa ekki komið fram í grænu bókhaldi rekstraraðila. Ekki hefur verið vaktað í samræmi við samþykkta vöktunaráætlun.

Gr. 3.1 og 3.7 í starfsleyfi


Skv. gr. 3.1 skulu m.a. veðurfarsþættir skráðir. Skv. gr. 3.7 skal í ársyfirliti koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. gr. 2.7, 2.8, 3.1, 3.3 og 3.4. Veðurfarsþættir sbr. gr. 3.1 voru ekki til staðar í ársyfirliti, niðurstöður vöktunar skv. gr. 2.8, 3.3 og 3.4 voru ekki í ársyfirliti.

## ANNAÐ

Bæklingur um mælanleg umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.

Gildandi starfslei rennur út 1. desember nk. Rekstraraðili hefur óskað eftir framlengingu þess, í samræmi við heimild 4. mgr. 6. gr. laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem fyrir liggur fullnægjand umsókn um nýtt starfsleyfi.

Reykjavík, 15.11.2019

  
Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir

bls. 4

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.